

Framhaldsaðalfundur hverfisnefndar Síðuhverfis haldinn í Síðuskóla 9. sept. 2008.

34. fundur nefndarinnar

Arne Vagn Olsen formaður nefndarinnar setur fundinn, býður gesti velkomna.

Dagskrá fundar:

1. Ný stjórn hverfisnefndar.
2. Umræður.

1. Ný stjórn hverfisnefndar Síðuhverfis.

Arne Vagn, Elías, Hulda Sif, Gunnar, Kristján og Guðný Björk láta af störfum í hverfisnefnd Síðuhverfis. Áfram gefa kost á sér Guðbjörg Ingimundardóttir og Aðalheiður Bragadóttir. Aðalheiður til áramóta 2008/2009. Nýir nefndarmenn eru: Ágústa Ólafsdóttir, Geirþrúður Gunnhildardóttir, Grímur Laxdal og Ingimar Eydal. Ekki er búið að skipa formann og ritara nefndarinnar en það verður væntanlega gert á fyrsta fundi nýrrar nefndar.

2. Umræður.

Almennar umræður fundargesta um ýmis málefni hverfisnefndar. Rætt um hverju nefndin hefur beitt fyrir sig og eins hvaða málefni bíða nýrrar nefndar. Fyrsta mál nýrrar nefndar er að setja saman lista yfir verklegar framkvæmdir sem taldar eru nauðsynlegar í hverfinu. Er það s formaður framkvæmdaráðs Akureyrar sem óskar eftir þeim lista. Skiladagur fyrir þann lista er 15. september n.k.

Fundarmenn komu með tillögur að framkvæmdum og eru þær svo hljóðandi:

1. Hringtorg við Bugðusíðu / Borgarbraut til þess að létta á umferð vegna tilkomu háskólablokka og auðvelda umferð til og frá hverfinu.
2. Ljúka framkvæmdum á Síðubraut.
3. Hraðahindranir í Rima- og Reykjásíðuhring.
4. Setja upp spegil þegar komið er upp úr Arnarsíðu, eða breyta þessum gatnamótum t.d. með litlu torgi, sbr. nýja torgið nyrst í Helgamagrastræti/Brekkugötu.
5. Laga göngustíg sem kemur út frá Fögrusíðu og liggur að Miðsíðu, en ekkert tekur við þeim stíg og endar hann heldur snögglega.

6. Finna þarf leið til þess að hægja niður umferð um Teigasíðu, þarf að greiða fyrir umferð gangandi vegfarenda sem koma úr Tungusíðu og Stapasíðu.
7. Setja aðra gangbraut yfir Bugðusíðu við Ekrusíðu og eins verður að bæta lýsingu og merkingar við gangbrautir í hverfinu.
8. Setja gangbraut neðst á Vestursíðu, þ.e. Vestursíðu/Bugðusíðu og jafnvel við fleiri gatnamót með upphækkun eins og gert hefur verið í Keilusíðu við Bugðusíðu.
9. Fyrsta stoppistöð strætisvagna þegar ekið er norður Miðsíðu er hættulega staðsett þar sem gangbraut er beint aftan við vagninn þegar hann stoppar. Þetta takmarkar mjög útsýni bílstjóra sem aka að norðan og sjá þeir ekki ef gangandi vegfarendur eru á leið yfir götuna.
10. Endurskoða / yfirfara aðkomu að grunnskóla, sjá athugasemd ofar vegna gatnamóta Bugðusíðu við Arnarsíðu.
11. Bæta göngu og hjólaleiðir í hverfinu.

Íbúðahverfi eiga að vera skipulögð fyrir fólk en ekki bíla! Gangandi og hjólandi eiga að vera í forgangi og hægja þarf á bílaumferð eins og kostur er. Það er skoðun hverfisnefndar að þetta ættu að vera meginmarkmið þeirra sem vinna að skipulagi og framkvæmdum hjá Akureyrarbæ.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Aðalheiður Bragadóttir